



Fundargerð

298. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 12. júní 2025, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Farið var yfir stöðuna í framkvæmdum við dýpkun Njarðvíkurhafnar.

2. Helguvíkurhöfn – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir ýmsa þætti í tengslum við uppbyggingu á Suðurbakka Helguvíkurhafnar. Einnig voru kynnt drög að samstarfssamkomulagi milli utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslu Íslands, Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar varðandi uppbyggingu á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að samstarfssamkomulagi og felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra að fylgja málinu eftir.

3. Helguvíkurhöfn - Olúbryggja (2025060134)

Lagt fram minnisblað frá Portum verkfræðistofu ehf. yfir úttekt á sjósetningarrampi við Olúbryggjuna í Helguvík og tillögur að úrbótum.

4. K64 - Hringrásariðngarður (2023100396)

Farið yfir stöðuna í verkefninu K64 - Hringrásariðngarður.

5. Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs (2025010264)

Fundargerð 19. fundar samráðsnefndar atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs frá 4. júní 2025 lögð fram.

6. Skemmtiferðaskip (2025020389)

Farið yfir stöðu mála er varðar markaðssetningu á Keflavíkurhöfn fyrir smærri skemmtiferðaskip, en eitt skip hefur komið í höfn á þessu sumri og tvö eru væntanleg.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni með að samstarf Reykjaneshafnar við Reykjaneshafnar og Markaðsstofu Reykjaness er að skila umtalsverðum árangri í að kynna Reykjaneshafnar og Suðurnesin sem ákjósanlegan stað til viðkomu og upplifunar.

7. Samgönguáætlun 2026-2030 (2025050170)

Bréf Vegagerðarinnar dags. 6. maí 2024 þar sem fram kemur að opið er fyrir umsóknir vegna hafnargerðar og sjóvarna í Samgönguáætlun 2026-2030 til 20. júní nk. Einnig lagður fram tölvupóstur dags. 2. júní sl. þar sem fram kemur að umsóknarfresturinn framlengist til 1. ágúst nk. Halldór K. Hermannsson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs kynnti tillögur til umsóknar frá Reykjaneshöfn.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir viðkomandi tillögur og felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að koma þeim í umsóknarferli.

8. Starfsmannamál Reykjaneshafnar (2025050171)

Farið var yfir hugmyndir að breyttu vinnufyrirkomulagi hjá Reykjaneshöfn og hvernig best væri að vinna þær hugmyndir áfram. Einnig var farið yfir stöðu verkefnisstjóra hafnarinnar og tillögur henni tengdar.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að leitað verði ráðgjafar varðandi vinnufyrirkomulag hjá Reykjaneshöfn. Einnig samþykkir ráðið þær breytingar sem lagðar voru fram varðandi málefni verkefnisstjóra hafnarinnar.

9. Atvinnustefna Reykjanesbæjar (2023020501)

Hjörtur M. Guðbjartsson formaður atvinnu- og hafnarráðs fór yfir drög að atvinnustefnu Reykjanesbæjar. Stefnan hefur verið í vinnslu undanfarin tvö ár með hléum og hafa ýmsir lagt þar hönd á plóg. Vinnustofa var haldin á haustdögum 2023 og leitað var umsagnar ráða Reykjanesbæjar og ýmissa hagaðila á vordögum 2024.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að leggja fram viðkomandi drög sem atvinnustefnu fyrir Reykjanesbæ. Drögin verða send til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

10. Tómtundastefna Reykjanesbæjar – drög til umsagnar (2023050566)

Lögð fram drög að tómtundastefnu Reykjanesbæjar en bæjarráð Reykjanesbæjar hefur vísað viðkomandi drögum til umsagnar í ráðum bæjarins.

Atvinnu- og hafnarráð gerir ekki athugasemdir við viðkomandi drög.

11. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2025010262)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:55.